

Fréttapistill frá forseta Íslands

3. maí 2021

Í nýliðinni viku hlotnaðist mér sú ánægja að ávarpa Þórð Tómasson, safnvörð og sagnaþul, í Skógum á hátíð þar honum til heiðurs. Hópur vina hans og velunnara kom saman í tilefni aldarafmælis hans fyrr í vikunni. Þar að auki var fagnað útgáfu nýrrar bókar eftir hann um Stóruborg, sögu staðarins og hinn merka fornleifauppgröft sem þar fór fram seint á síðustu öld. Á viðburðinum færði Ingvar P. Guðbjörnsson, formaður stjórnar Skógasafns, Þórði heiðursskjál í þakklætisskyni fyrir ævistarf í þágu safnsins og íslenskrar þjóðmenningar. Þá sæmdu fulltrúar Oddafélagsins hann gullmerki félagsins. Ég flutti ávarp og þakkaði Þórði fyrir hans ómetanlega þátt við varðveislu og miðlun íslenskrar þjóðmenningar. Einnig tók ég við eintaki bókarinnar um Stóruborg úr hendi höfundar.

Þeir Þórður og Kristján Eldjárn unnu saman að varðveislu muna og minja á sinni tíð og nefndi ég það í ræðu minni. Ég fór einnig með stöku sem Þórarinn, sonur Kristjáns, orti í tilefni aldarafmælisins:

Á það skal ei draga dul,
drögum fána að húni
og hyllum okkar þjóðarþul,
hann Þórð frá Vallnatúni.

Á mánudaginn var stóð Stjórnvísí, stærsta stjórnunarfélag á Íslandi, fyrir verðlaunahátíð þar sem ýmsar viðurkenningar voru veittar. Flutti ég þar stutt ávarp og afhenti verðlaun. Upplýsingar um þau, sem hlutu þann heiður, má sjá hér: <https://www.stjornvisi.is/.../thau-hlutu...>

Daginn eftir, 27. apríl, rann upp stór stund í baráttu okkar við að vinna bug á farsóttinni sem hér hefur geislað. Fleiri voru bólusett en nokkru sinn fyrr á einum degi og allt gekk það hnökralaust. Aðdáunarvert er hve vel fjöldabólusetningar eru skipulagðar og færi ég öllum, sem að þeim koma á einhvern hátt, einlægur þakkir. Sjálfur hlakka ég til að fá bóluefni þegar röðin kemur að fólki á mínum aldri. Fyrir kemur að ég er spurður að því hvort ég hafi ekki þegar verið bólusettur eða hvort ég vilji ekki ganga á undan með góðu fordæmi en blessunarlega hefur ekki þurft að hvetja landsmenn sérstaklega til að skilja mikilvægi og notagildi bólusetninga almennt. Íslendingar eru upp til hópa skynsamt fólk.

Síðastliðinn miðvikudag ræddi ég við nemendur í University of British Columbia í Kanada. Allt frá 2012 hafa nemendahópar komið þaðan í náms- og kynnisferðir til Íslands. Í fyrra féll ferðin niður vegna kórónuveirunnar en í ár var gripið til þess ráðs að útbúa veglega fjardagskrá fyrir nemendur. Ég var í hópi viðmælenda í því skyni og ræddi meðal annars um sjálfbærni og mikilvægi vísinda, rannsókna og þekkingar.

Þennan sama dag tók ég á móti Clive Stacey, forstjóra bresku ferðaskrifstofunnar Discover the World sem sérhæfir sig í ferðum til Íslands. Stacey kom fyrst til Íslands árið 1972, vann þá í fiski og var á sjó. Síðan hefur hann verið með annan fótinn hér á

landi. Við ræddum skýran áhuga Breta á ferðum til Íslands þegar aðstæður leyfa og framtíð ferðamennsku hér, það sem þegar er gert vel og einnig hitt sem betur má fara.

Um nýliðna helgi gekk vel á annað hundrað kvenna á Hvannadalshnjúk undir merkjum Lífskrafts kvenna. Konurnar söfnuðu áheitum sem nota á til að bæta aðbúnað og upplifun sjúklinga með krabbamein og blóðsjúkdóma á nýrri lyflækningadeild Landspítalans. Nánari upplýsingar um það verkefni má sjá hér: <https://www.lifskraftur.is/>. Ég óska hópnum til hamingju með þetta afrek og þakka þeim fyrir að vilja láta gott af sér leiða.

Vorsins gætir ekki í alveg sama mæli hér og undir Eyjafjöllum þar sem Þórður í Skógum hefur séð of lifað tímana tvenna. Þar vorar fyrir en í öðrum landshlutum. Hér á Bessastaðanesi grænka tún þó með degi hverjum og gaman að fylgjast með fuglalífinu. Með fylgir mynd af Bessastöðum undir regnboga, tekin fyrir skemmstu á fallegum vordegi.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.